

Kulis og Rózycki gegn Póllandi

Dómur frá 6. október 2009

Mál nr. 27209/03

10. gr. Tjáningarfrelsi

Umræða um almannahagsmuni. Fjölmíðlar.

1. Málsatvik

Kærendur voru tveir pólskir ríkisborgarar, Mirosław Kuliś, fæddur árið 1956 og búsettur í Lodz, og Piotr Rozycki, fæddur árið 1946. Sá fyrrnefndi á útgáfufyrirtækið Westa Druk sem gefur út vikuritið Angora auk viðbótarrits þess Angorka og ætlað er börnum. Síðarnefndi kærandinn lést 2004 en hann hafði verið ritstjóri vikuritsins.

Í maí árið 1999 birtist grein í Angorka þar sem fjallað var um auglýsingaherferð tiltekins fyrirtækis sem seldi kartöfluflokkur. Í greininni var gagnrýnt að í einni auglýsinganna hefði verið vísað til þess að teiknimyndapersóna væri morðingi, en persóna þessi væri vinsæl meðal barna. Í greininni var birt mynd af umræddri teiknimyndapersónu auk textanna: „pólsk börn eru í áfalli vegna auglýsinganna“ og „hafið ekki áhyggjur, ég væri einnig morðingi ef ég borðaði þennan óþverra“. Framleiðslufyrirtækið stefndi kærendum og krafðist afsökunarbeiðni þar sem þeir hefðu komið óorði á fyrirtækið og vörur þess. Að auki krafðist fyrirtækið að kærendum yrði gert að greiða allan málskostnað auk tiltekinna greiðslu til góðgerðarmálefna. Dómstólar í Póllandi féllust á kröfur fyrirtækisins. Að þeirra mati hefðu kærendur notað niðrandi orð sem hefðu ýtt undir andstyggð og óbeit almennings á vörum fyrirtækisins og laskað orðspor þeirra. Kröfum kæranda um áfrýjun var hafnað.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að viðurlögin, sem þeim hefði verið gert að sæta, brytu í bága við tjáningarfrelsi þeirra og væru brot á 10. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn vísaði til þess að fyrirtækið, sem stóð fyrir auglýsingaherferðinni, sem að meginstefnu hefði verið ætlað að ná athygli barna, hefði notað slagorð sem væru óviðeigandi fyrir þau. Það hefði leitt til umræðu á almennum vettvangi enda mætti líta svo á að málið varðaði mikilvæga hagsmuni almennings. Þannig væri ekki óeðlilegt að um það hefði verið fjallað í fjölmiðli á borð við ritið Angorka. Í þessu sambandi benti dómstóllinn sérstaklega á að takmörkun á rétti fjölmiðla til að fjalla um slík málefni, sem vörðuðu hagsmuni almennings, sætti þröngri túlkun.

Dómstóllinn vísaði að auki til þess að myndin, sem birt hefði verið með grein kæranda, sækti fyrirmynd sína augljóslega til auglýsingaherferðarinnar enda hefði sama teiknimyndapersóna og sömu slagorð verið notuð og var að finna á kartöfluflokuumbúðum sem auglýstar voru í herferðinni. Af þeim sökum var það mat dómstólsins að kærendur hefðu ekki ætlað sér að smána eða vanvirða gæði kartöfluflokkanna. Þeir hefðu hins vegar ætlað að vekja almenning til umhugsunar um tegund slagorðanna, sem notuð voru, og að notkun þess háttar slagorða væri ótæk aðferð í þeirri viðleitni að auka sölu vörunnar sem um ræddi.

Að lokum leit dómstóllinn sérstaklega til þess að pólskir dómstólar hefðu brugðist þar sem þeir hefðu ekki tekið tillit til eins meginhlutverks fjölmiðla, sem væri miðlun upplýsinga og hugmynda um málefni sem vörðuðu almenning. Í því fælist m.a. að fjölmiðlar gætu farið með ýkjur að vissu marki eða jafnvel ögrað fólki, líkt og gert hefði verið í umræddri grein.

Það var því einróma niðurstaða dómstólsins að pólska ríkinu hefði ekki tekist að réttlæta þá takmörkun sem kærendum var gert að sæta á tjáningarfrelsi sínu. Af þeim sökum hefði verið brotið í bága við 10. gr. sáttmálans.

Eftirlifandi kæranda voru með vísan til 41. gr. sáttmálans dæmdar 7.200 evrur í miskabætur og 3.000 evrur í skaðabætur. Með vísan til sama ákvæðis voru honum dæmdar 6.100 evrur í málskostnað.

